



# Tónskóli Fjallabyggðar



Starfsáætlun 2015 - 2016

## Leiðarljós

Rannsóknir hafa leitt í ljós að tónlistarnám hefur bætandi áhrif á annað nám sérstaklega í raungreinum.

Tónlistarnám eykur einbeitingu og stuðlar að betri vinnubrögðum hjá nemendum.

Auk þess hefur tónlist og tónlistaiðkun bætandi áhrif á sálarlífið og stuðlar að gleði og lífsfyllingu.

Tónlist hefur róandi áhrif á alla, samleikur og kórsöngur stuðlar að meiri félagsþroskahjá börnum.

Tónskólinn er ekki bara fyrir börn heldur líka fullorðna og allir sem áhuga hafa á tónlist geta fundið þar eitthvað við sitt hæfi.

## Hlutverk

Í Aðalnámskrá tónlistarskólanna kemur fram að tónlistarskóli skal vera opinn öllum og sinna almennu tónlistaruppeldi. Tónlistarskólinn þarf því að uppfylla mismunandi kröfur, vera fyrir nemendur sem læra einungis sér til skemmtunar og fyrir nemendur sem vilja búa sig undir metnaðarfullt tónlistarnám og skyldar greinar á háskólastigi. Ekki síst er mikilvægt það hlutverk að kenna nemendum að njóta tónlistar. Tónlistarskólinn skal stuðla að auknu tónlistarlífi í samfélaginu.

Hlutverk tónlistarskólans er að;

- stuðla að aukinni hæfni nemenda til að flytja, greina og skapa tónlist, að hlusta á tónlist og njóta hennarbúa nemendur undir að geta iðkað tónlist upp á eigin spýtur
- stuðla að auknu tónlistarlífi í sveitarfélaginu.



## Meginmarkmið og þjónusta.

- Að veita öllum þeim sem óska eftir, færi á að kynnst tónlistarnámi af eigin raun. Þó ekki fleirum en fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir og að nemendafjöldi sé svipaður og verið hefur undanfarin ár. Tónskóli Fjallabyggðar starfar í 9 mánuði– frá 1. september – 30. maí. Námið skiptist í tvær annir og eru annaskipti um mánaðamótin janúar og febrúar. Tónskólinn starfar í náinni samvinnu við Grunnskóla Fjallabyggðar og Menntaskólann á Tröllaskaga og eru frídagar þeir sömu um jól og páska.
- Að skapa nemendum tækifæri til tónlistarflutnings jafnt innan skóla sem utan og að efla tónlistarlíf í samfélaginu. Tónlistarnám eykur einbeitingu og stuðlar að betri vinnubrögðum hjá nemendum. Auk þess hefur tónlist og tónlistaiðkun bætandi áhrif á sálarlífið og stuðlar að gleði og lífsfyllingu. Tónlist hefur róandi áhrif á alla, samleikur og kórsöngur stuðlar að meiri félagsþroska hjá börnum. Tónskólinn er ekki bara fyrir börn heldur líka fullorðna og allir þeir sem áhuga hafa á tónlist geta fundið þar eitthvað við sitt hæfi.



## Fjármál.

- Að gera fjárhagsáætlun fyrir hvert ár.
  - Að sækja um styrki til sérvalinna verkefna eða hljóðfærakaupa.
  - Að endurskoða fjárhagsáætlunina með tilliti til fjárhagsstöðunnar í upphafi skólaárs.
- Uppsögn á skólavist skal vera skrifleg og miðuð við mánaðarmót, uppsagnafrestur er tveir mánuðir.

## Forskóli.

Forskóli tónlistarskóla er fjármagnaður af Grunnskóla Fjallabyggðar 60% og Tónskóla Fjallabyggðar 40%.

## Gjaldskrá Tónskóla Fjallabyggðar 2015 -2016

### Börn:

Heilt nám: 60.720 kr.

Hálft nám: 41.745 kr.

### Fullorðnir:

Heilt nám: 90.850 kr.

Hálft nám: 64.050 kr.

Söngnám á framhaldsstigi: 136.207 kr.

Hljóðfæraleiga: 10.000 kr.

Skólagjöldum er skipt á fjóra gjalddaga; okt. – des. – feb. – apr.

Fullorðnir greiða alltaf fullt gjald, afsláttur reiknast frá fyrsta barni.

1. barn greiðir 100%
2. barn greiðir 80%
3. barn greiðir 60%
4. barn greiðir 40%

### Hljóðfæraleiga.

Skólinn leigir út hljóðfæri á sanngjörnu verði og eiga nemendur kost á því að halda þeim í allt að 2 ár. Að þeim tíma liðnum er reiknað með að þeir eignist sín eigin hljóðfæri.

Staðfestingargjald (hluti af skólagjaldinu) greiðist í upphafi skólaárs, eftirstöðvum er dreift á þrjár greiðslur. Hljóðfæraleiga greiðist í einu lagi að hausti.

## Innra starf.

Kennarafundir eru haldnir vikulega á þriðjudögum þar sem verkefni og starfið framundan eru rædd.

Að skólinn setji sér uppeldisleg markmið sem miðli að því að nemendur öðlist lifandi áhuga á tónlist og tónlistariðkun, að nemendur læri að njóta tónlistar og upplifa hana bæði sem hlustendur og þátttakendur – að námið efli sjálfsmynd nemendanna og námið miði að því að efla hæfni þeirra til samvinnu.

Mörg undanfarin ár hefur sú tilhögun verið að yngri nemendur hafa sótt tíma í Tónskólann á morgnana og er það með samþykki foreldra og kennara grunnskóla Fjallabyggðar. Þessi tilhögun hefur þann kost að nemandinn þarf ekki að fara eins margar ferðir í Tónskólann en einnig þann ókost að nemendur missa stundum nokkuð úr tímum. Með góðri skipulagningu og samvinnu kennara og foreldra er unnt að draga mjög úr öllum ókostum.

Hljóðfæranámið fer fram í einkatímum og fá nemendur í fullu námi 1 klst. á viku sem oftast er skipt í tvo hálf tíma. Einnig geta nemendur verið í hálfu námi. Nemendum er gefinn kostur á að taka stigspróf og ákveður þá kennari hvenær nemandi tekur stigsprófið.

Það skal tekið fram að enginn er skyldugur að taka stigspróf en foreldrar skyldu hafa það í huga að það er hvetjandi að keppa að ákveðnu markmiði og námið fær við það aukinn

tilgang. Nemendur sem taka stigspróf fá kennslu í tónfræðigreinum og til að stigspróf á hljóðfæri sé tekið gilt ( metið í öðrum skólum ) þarf einnig að taka stigspróf í tónfræði. Öllum nemendum er gefinn kostur á tímum í tónfræði en enginn er skyldugur að taka próf.

## Húsnæði.

Hentugt og gott húsnæði getur skipt sköpum í starfsemi tónlistarskóla og er húsnæði skólans gott í báðum byggðarkjörnum.



## Starfsmannamál.

Mikilvægt er að starfslið skólans samanstandi af vel menntuðum og reyndum kennurum sem vinna vel saman og taki þátt í símenntunarstefnu skólans. Við skólann starfa 8 kennarar og 2 starfsmenn við ræstingar auk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra.

### **Starfsmenn Tónskóla Fjallabyggðar eru:**

#### **Magnús G Ólafsson skólastjóri.**

Kennir á gítar.

#### **Elías Þorvaldsson aðstoðarskólastjóri.**

Kennir á tréblásturhljóðfæri, píanó og harmónikku.

#### **Ave Kara Tonisson.**

Kennir á harmonikku og píanó.

#### **Þorsteinn Sveinsson**

Kennir á píanó, trompet, flautur og tónfræði.

#### **Rodrigo Junqueira Thomas**

Kennir á gítar, píanó, bassa, trommur og söng.

**Zsuzsanna Bitay**

Kennir á fiðlu.

**Guðrún Ingimundardóttir**

Kennir söng og á píanó.

**Gunnar Smári Helgason**

Kennir hljóð- og upptökufraeði.

**Timothy Knappett**

Kennir á píanó, fiðlu og tónfræði.

**Rodrigo Dos Santos Lopes**

Kennir á trommur og slagverk

**Halldóra María Elíasdóttir**

Sér um ræstingar á Siglufirði

**Ásta Snjólaug Sigurfinnsdóttir**

Sér um ræstingu á Ólafsfirði

**Helstu verkefni 2015 - 2016.**

- Markmiðasamning verða gerðir við nemendur í fyrstu og annarri viku skólaárs og kynnt fyrir foreldum í foreldraviku 14. - 18. september og unnið að flesti nemendur taki árspróf, stigspróf eða prófanemendapróf.
- Leitast verður við að efla samstarfið við grunnskóla sveitarfélagsins með aðkomu að viðburðum skólanna og einnig er markmið að setja upp söngleik.
- Tónlistarskólann sér um Tónmenntarkennslu fyrir Grunnskóla Fjallabyggðar
- Haustfundur kennara verður haldin 18. september í Hofi.
- STS þing skólustjóri Tónlistarskóla haldið 24. – 26. september.
- Hausttónleikar 17. – 18. nóvember.
- Jólatónleikar 8. – 9. desember.
- Þemavika verður í 2. – 5. febrúar
- Uppskerutónleikar Tónlistarskólans 24. – 25. febrúar.
- Tekið verður þátt í Nótunni í Hofi og svo vonandi í Eldborg.
- Endurskoðun mats á árangri nemenda verður aukin með tilkomu rafrænnar dagbókar með meiri samskiptum við foreldra og forráðamenn.
- Meiri áhersla verður lögð á samspil, hljómsveitarstarf og upptökur innan skólans.
- Námskeið verða á vegum listhús Fjallabyggðar og samvinna með þeim tónlistarmönnum sem heimsækja Fjallabyggð.
- Prófavika verður 25. – 29. apríl.
- Vortónleikar verða 18. – 19. maí.
- Skólaslit verða mánudaginn 31. maí.



## Yfirlit yfir 2014 - 2015

- Haustfundur kennara var 18. september að venju og sóttu allir kennarar fundinn.
- Stjórnendur sóttu þing skólastjóra Tónlistarskóla 26. – 30. september.
- Hausttónleikar voru haldnir 15. – 16. október.
- Verkfall skall á í október og stóð í 5 vikur og hafði mikil áhrif á skólaárið
- Jólatónfundir vor haldnir í skólanum og farið var í heimsókn á Hornbrekku og Skálarhlíð með jóladagskrá.
- Árleg viðhorfskönnun foreldra og kennara var lögð fyrir og var niðurstaða hennar verulega ánægjuleg fyrir Tónskólann.
- Nemendur skólans tóku að þátt í Nótunni sem haldin var að þessu sinni í Tjarnarborg með breyttu sniði, hver skóli var með sína eigin Nótu.
- Kennarar sóttu námskeið í hljóð og upptökufræðum, fyrirlestur um persneska og lindónískri tónlist.
- Árið 2014 luku 3 nemendur áfangaprófi.



## Innra starf

- Skólinn er í stöðugri þróun og ætíð er leitast við að efla tónlistarkennslu í samræmi við nútímakröfur. Kennarar hafa verið að kynna sér nýjungar í kennsluháttum undir stjórn skólastjóra.
- Áfram verður haldið í að leita leiða til þess að auka samstarf á milli kennara Tónlistarskóla Dalvíkur og Fjallabyggðar og samstarfi nemenda og hljóðfærahópa enn frekar.
- Skólastjóri mun taka starfsþróunarsamtöl við starfsfólk skólans..
- Kapp verður lagt á að viðhalda þeim góða starfsanda sem í Tónskólanum ríkir.
- Haldið verður formlega utan um símenntun kennara með skráningareyðublöðum.

## Upplýsingaflæði

- Samskipti við foreldra fara í gegnum samskiptakerfið Visku og dagbók þess, einnig eru margir foreldrar sem nota netpóst og síma.
- Tónskólinn er með heimasíðu og fébókarsíðu til þess að efla upplýsingaflæði til samfélagsins.



## Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni

- Skoða þarf þau hljóðfæri sem hafa verið í útleigu með tilliti til endurnýjunar.
- Halda áfram viðhaldi á húsnæði skólans á Siglufirði.

## Lykiltölur

	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Starfsmannafjöldi	11	12	11	10	9	10	9	12
Meðalstarfsaldur á starfsstað	6,9	3,9	3,5	3,8	5,0	5,8	5,2	5.1
Fjöldi stöðugilda starfsfólks	7,15	7,1	7,3	7,3	6,84	5,17	6.08	6.90
Fjöldi stöðugilda kennara með kennsluréttindi	6,7	3,5	3,5	3,5	3,5	3,1	5.0	5.90
Fjöldi nemenda	107	120 (+150*)	111(+186* )	100+72*	95+70*	95-200*	110+ 65	105- 32
Fjöldi nemenda eftir kyni						kvk. 49.5%	Kvk. 53%	Kvk 67%
Fjöldi verkefna sem leik- grunn- eða tónlistarskóli starfa saman að	2	2	2	5	5	6	7	3
Heildarstærð húsnæðis	3051 fm	3051 fm	3051 fm	3051 fm	3051 fm	3051 fm	351 fm	510
Fjöldi tölva (5 ára og yngri)	4	4	5	7	7	7	7	5
Meðalfjöldi veikindadaga starfsfólks	4	4	5	4	4	3	2	2
Heildarfjöldi launalausra frídaga	2	1,5	1,5	0	0	0	0	0
Heildarfjöldi launaðra daga sem starfsmenn eru fjarverandi (annarra en veikindadaga, og sumarleyfisdaga)	0	0	0	0	0	0	0	0
Heildarfjöldi klst sem starfsmenn sóttu námskeið eða aðra formlega símenntun	40	24	60	60	30	50	40	40
Meðalfjöldi klst á kennara sem nýttir voru í símenntun utan vinnutímaramma	0	0	2	2	2	540	3	0
Hlutfall foreldra sem eru frekar eða mjög ánægðir með skólann			95%	100%	100%	97%***	95,5%	97%
Hlutfall starfsmanna sem fór í starfsþróunarsamtal	0%	0%	0%	40%	0	100%	100%	100%
Stig grænnar greinar			0	0	0	1	1	0
Gild skólanámskrá			nei	já	Já	Já	Já	Já
Gerð sjálfsmatsskýrslu	nei	nei	nei	Nei	Nei	Já	Já	Já
Frávik frá fjárhagsáætlun	4,90%	-1%				3,8%	0	0
Fjöldi sóttra styrkja	1	1	1	1	2	0	0	0
Fjöldi viðburða sem nemendur skólans koma fram á		20	25	25	25	35	33	25
Hlutfall foreldra sem komu í foreldraviðtal			60-70%	60%	100%	80%	75%	15
*nemendur forskóla, leikskóla og kórs								
**m.v. 1. sept 2013								
*** kannanir í apríl 2013								

### Verkefnalisti. Samantekt.

Tónfundir eru alltaf tveir í hverjum mánuði nema í september, desember og febrúar. Í desember er Tónskóli Fjallabyggðar með jólatónleika, sem verða í Tjarnarborg þriðjudaginn 8. des, og í Siglufjarðarkirkju fimmtudaginn 9. des. Í Tjarnarborg verða rokktonleikar og í Siglufjarðarkirkju verða klassískir tónleikar. Síðan verða tónleikar 8. febrúar í tengslum við dag Tónlistarskólana, í febrúar verðum við með þemaviku 2. - 5. febrúar, sem endar með uppskerutónleikum 24. – 25. febrúar, vortónleikar eru síðan 18. – 19. maí og skólaslit 31. maí.